

Upphaf Kröfluelda 1975

Halldór Ólafsson

Suðurbraut 2, 220 Hafnarfjörður, hallo@hi.is

Veturinn 1974 til 1975 var sett upp skjálftamælinet á Norðurlandi og umsjón með uppsetningu þess höfðu þeir Sveinbjörn Björnsson jarðeðlisfræðingur og Páll Einarsson, sem þá var við nám hjá Lamont jarðfræðistofnuninni í New York. Þegar gögn frá þessum mælum voru skoðuð kom í ljós, að upptök margra skjálftanna voru í námunda við væntanlega gufuafsvirkjun í Leirbotnum sunnan undir Kröflufjalli. Það varð því að ráði sumarið 1975 að settir voru upp skjálftamælar við Reykjahlíð og við vinnubúðir Kröfluvirkjunar. Um haustið var svo bætt við mæli í Gæsadal sunnan Gæsafjalla. Uppsetningu mælanna annaðist Egill Hauksson eðlisverkfræðingur. Útskrift frá mælunum við Reykjahlíð og Kröflubúðir var komið fyrir í Reynihlíð og hafði bóndinn þar, Jón Ármann Pétursson, eftirlit með siritunum til að byrja með enda voru þeir í íbúð hans. Gögn úr mælinum í Gæsadal varð að sækja annan hvern dag því ekkert símasamband var þangað. Fljótlega eftir uppsetningu mælanna kom í ljós að skjálftavirkni var óvenju há á Kröflusvæði og fór vaxandi fram eftir hausti. Það kom því mönnum ekki mjög á óvart þegar eldgos hófst kl. 10:30 laugardaginn 20. desember 1975, á svipuðum stað og Mývatnseldar áttu upptök á sínum tíma.

Þennan morgun var ég við jarðarför Kristjáns Geirmundssonar hamskera sem látist hafði nokkru áður. Er ég kom heim eftir jarðarförina biðu mín skilaboð um að koma strax vestur í Jarðfræðahús því gos væri hafið skammt norðan Leirhnjúks. Þegar ég kom vestur eftir var búíð að fá Landhelgisgæsluvélina til að fljúga með jarðfræðingana Sigurð Þórarinsson, Þorleif Einarsson og Kristján Sæmundsson yfir gossvæðið og var hún komin í loftið kl. 12 á hádegi.

Eftir að vélin hafði flogið yfir umbrotasvæðið með vísindamennina, lenti hún með þá á Aðaldalsflugvelli þaðan sem þeir óku upp í Mývatnssveit.

Allt starfsfólk Norrænu eldfjallastöðvarinnar hafði verið boðað um hádegi vestur í Jarðfræðahús og var strax hafist handa við að undirbúa rannsóknarferð norður að eldstöðvunum. Við tæknimennirnir, Sigurjón Sindrason og undirritaður, þurftum í mörg horn að líta áður en hægt væri að keyra norður með aðra vísindamenn og styrkþega. Smala varð saman tækjum og tólum til gassýnatöku, pokum og kössum undir bergsýni, ásamt alls konar viðlegubúnaði, svo sem svefnpokum, dýnum, bakpokum, tjöldum, mataráhöldum, prímusum, gönguskíðum og mörgu fleiru, því við vildum vera við öllu búnir er norður kæmi. Einnig þurftu leiðangursmenn eitthvað að borða á leiðinni. Við lögðum því ekki af stað norður fyrr en kl. 18:30 um kvöldið. Farartækin voru langur Land Rover jeppi stofnunarinnar og annar stuttur sem leigður var hjá útibúi Bílaleigu Akureyrar í Reykjavík. Með mér í bíl stofnunarinnar voru forstöðumaðurinn Guðmundur E. Sigvaldason, kona hans Ellen Sigmond, styrkþegarnir Páll Imsland og Jörgen G. Larsen og Sigurjón Sindrason tæknifræðingur. Í leigubílnum voru jarðfræðingarnir Guðrún Larsen, Gestur Gíslason, Axel Björnsson og Karl Grönvold sem ók. Ferðin norður gekk vel ef frá er talið að ég þurfti að bæta vatni á vatnskassann á 100 km fresti því kælivatnsdæla bílsins var mígleg. Eftir tíðindalitle ferð að öðru leyti renndum við í hlað hjá Hótel Reynihlíð kl. 08 á sunnudagsmorgni, en á hótelinu beið okkar góður morgunverður sem þeginn var með þökkum.